

**3344. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
18. maí 2018 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Práinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1801014 - Fundargerðir 2018 - menningar- og safnanefnd**

57. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 15. maí 2018.

*Lögð fram.*

**2. 1804242 - Þróunarverkefni 2018 - þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs**

Skóla- og frístundaráð samþykkti allar umsóknir um styrki í þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs. Jafnframt leggur ráðið til að auglýst verði umsóknum í haust til úthlutunar á því fjármagni sem er óráðstafað. Skóla- og frístundaráð vísar afgreiðslunni til bæjarráðs til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun skóla- og frístundaráðs og að auglýst verði á ný næstkomandi haust eftir umsóknum í sjóðinn.*

**3. 1804127 - Styrkir 2018 - íþróttá- og tómstundafélög**

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum þann 15. maí síðastliðinn tillögu um úthlutun styrkja til samtals 18 íþróttá- og tómstundafélaga á Akranesi vegna þjálfunar og leiðsagnar barna og unglings. Tillöggunni er vísað til bæjarráðs til staðfestingar.

*Bæjarráð samþykkir tillögu skóla- og frístundaráðs um úthlutun styrkja að andvirði 15 mkr. til 18 íþróttá- og tómstundafélaga á Akranesi.*

**4. 1805113 - Gjaldskrá fyrir sumarstarf Þorpsins 2018**

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum þann 15. maí tillögu um gjaldskrá fyrir sumarstarf í Þorpinu. Lagt er til að gjaldskráin haldist óbreytt milli ára. Tillöggunni er vísað til staðfestingar í bæjarráði.

*Bæjarráð samþykkir gjaldskrá vegna sumarstarfs í Þorpinu.*

**5. 1805127 - Endurskoðun á bæjarmálasamþykkt**

Endurskoðun á bæjarmálasamþykkt Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð samþykkir tillögur um breytingar á samþykkt um stjórn og fundarskóp Akraneskaupstaðar. Samþykktinni er vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness.*



**6. 1805128 - Öryggi og eftirlit í stofnunum bæjarins**

Öryggis- og eftirlitsmál hjá stofnunum Akraneskaupstaðar. Hjálögð er tillaga um breytt verklag.

*Bæjarráð heimilar að fari verði í verðkönnum vegna aukinnar þjónustu í tengslum við öryggiskerfi og öryggiseftirlit í stofnunum Akraneskaupstaðar. Kostnaðarauki vegna þessa, að hámarki 6 mkr. verður mætt með lækkun áætlaðs rekstrarafgangs.*

**7. 1703194 - Starfshópur um framtíðaruppbýggingu á Jaðarsbökkum**

Ósk formanns starfshóps um framtíðaruppbýggingu á Jaðarsbökkum að hópurinn haldi áfram störfum til október 2018.

*Bæjarráð samþykkir beiðni starfshópsins um frestun á skilum á lokaskýrslu vegna framtíðaruppbýggingar á Jaðarsbökkum til 30. september næstkomandi.*

**8. 1802107 - Sveitarstjórnarkosningar 2018**

Tillaga um launagreiðslur til kjörstjórna og annarra er koma að framkvæmd sveitarstjórnakosninga 2018.

*Bæjarráð samþykkir tillögu sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs um launagreiðslur til kjörstjórnar og annarra sem koma að framkvæmd kosninga í ár.*

**9. 1804207 - Öldungaráð**

Endurskoðuð tillaga um samþykkt um stofnun öldungaráðs Akraness.

*Bæjarráð staðfestir samþykkt um stofnun öldungaráðs Akraness og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.*

**10. 1611149 - ÍA - rekstur og samskipti, endurnýjaður samningur**

Undirritaður viðauki um framlengingu leigu- og rekstrarsamnings á milli Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness.

*Bæjarráð samþykkir framlengingu samningsins til loka ársins 2018 og vísar til bæjarstjórnar til samþykktar.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

The image shows several handwritten signatures in blue ink, likely from the members of the local council mentioned in the document. The signatures are somewhat stylized and overlapping, making individual names difficult to decipher precisely. They appear to be in Icelandic script.